

Fréttabréf Krílakots og Kátakots

Nóvember 2014

Komið sæl

Árð flýgur áfram og alltaf nóg að gera hjá okkur í leikskólunum.

Í dag er baráttudagur gegn einelti og ætlum við að hafa vinaviku alla næstu viku af því tilefni. Við ætlum að ræða saman um mikilvægi vináttunnar, það að vera góð hvert við annað og gefa öllum jöfn tækifæri, bæði í barnahópnum og kennarahópnum. Á mivikudaginn selur starfsfólkið vinabrauð og fer ágóðinn í ferðasjóð starfsmanna. Á föstudaginn verður svo vina-söngfundur þar sem börn og starfsfólk hittist og syngur vinalög inn í helgina. Í vinaviku starfsmanna fá allir einn leynivin sem viðkomandi ber að gleðja og í lok vikunnar upplýsir starfsfólkið hver vinur þeirra er og stefnan tekin á árshátíð dalvíkurbyggðar.

Dagur íslenskrar tungu er þann 16 nóvember á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar og höldum við daginn hátíðlegan mánudaginn 17. nóvember. Við ætlum að fara saman með vísuna Buxur, vesti, brók og skó eftir Jónas og velta fyrir okkur fatnaði í dag og svo hvernig fatnaður var í gamla daga.

Aðlögun er enn í gangi í Krílakoti, eitt barn byrjaði nú í lok október og tv börn munu byrja til viðbótarn nú í nóvember á Skýjaborg og bjóðum við þau hjartanlega velkomin. Annalou er kominn aftur til okkar og ætlar að starfa á Skýjaborg í vetur, við bjóðum hana velkomna til starfa.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Starfsmannahald

2014-2015

Skýjaborg—12 börn:

Arna, deildarstjóri
Gunná
Elva Ósk
Herdís
Annalou

Skakkaland 19 börn:

Katrín Sif, deildarstjóri
Anna
Sylwia
Júlíana
Ásdís

Hólakot: 20 börn

Anna Lauga, deildarstjóri
Inga Siddý
Sigrún Ingibjörg
Dóra
Sívía

Mánakot: 20 börn

Ágústa, deildarstjóri
Pálína
Kristín
Einar Sigurgeir

Sólkot: 25 börn

María, deildarstjóri
Emmi
Dóra
Elsa Austfjörð


Eldhús og miðja

Haldóra matráður Krílakoti
Margrét Lára aðstoðarmatráður Krílakoti
Pura, sérkennsla í Kátakoti
Ása, starfsmaður í eldhúsi Kátakoti
Drífa, leikskólastjóri
Ágústa, aðstoðarleikskólastjóri.
Sigrún Björk flakkar í Krílakoti.



Grænfáninn

Í vetur ætlum við í Krílakoti að læra um dýrin, hvaða maturinn kemur, vatnið og hvaðan það kemur í kranann, hvað er hollt og hvað óhollt, mikilvægi hreinlætis og fleira. Í Mánakoti ætlum við að læra um Jóhann Svarfdæling og gamla tímarn. Í Sólkoti ætlum við að læra um Dalvíkurskjálftann, áhrif hans, náttúrfræði og viðbrögð við jarðskjálftum. "Allt er vænt sem vel er grænt"



Bílastæði

Bílastæðin eru lítil svo við þurfum að vanda okkur við að leggja og nýta stæðin sem best. Við minnum foreldra á að drepa á bílunum og að öryggisbúnaður fyrir börn skal vera samkvæmt reglugerðum.

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Tölum saman af virðingu, verum hreinskilin og opin í samskiptum. Það að vita hvað liggur fyrir og hvers er að vænta og ætlast til af manni veitir öryggi.

Tónar eiga töframál

Við bendum á heimasíðu

<http://bornogtonlist.net/>

Eruð þið búin að hlusta á lagið um hana Maju maríuhænu

http://bornogtonlist.net/Maja_maríuhæna/

og hana Hnátutátu

<http://bornogtonlist.net/Hnátutátu-blús/>

Við erum búin að vera að læra það síðustu vikur og mánuði.



Upprotsdagar

17 nóvember

Dagur íslenskrar tungu

28 nóvember

Náttfatadagur



**Foreldrafélag Krílakots
Skólaárið 2014-2015**

Harpa (Barri)

Katla (Anton Andri og Arnór Atli)

Guðríður (Hákon Bragi)

Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Foreldraráð 2014-2015

**Vinum saman að velferð barna okkar
og leikskólans.**

Freyr (Pórlaug Diljá)

Karl (Bríet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Raket Erla)

Sunna (úlfur og Álfgrímur)

Myriam (Lea)

Samstarf við tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar

Vegna verkfalls falla heimsóknir tónlistarkennara niður. Við sendum þeim baráttukveðjur með von um að deilan leysist sem fyrst svo við getum haldið áfram frábæru samstarfi.

Heilsustefnan—rafræn könnun

Rafræn könnun um það hvort við eigum að ganga alla leið og verða Heilsuleikskóli verður send út í komandi viku og hvetjum við foreldra til að taka þátt. Könnunin verður send á netföng foreldra og starfsfólks skólanna ásamt upplýsingum um heilsustefnuna.

